

1960 nr. 52 11. júní**Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að staðfesta fyrir Íslands hönd samþykkt um alþjóðasiglingamálastofnun (IMCO)**

Tóku gildi 28. september 1960.

■ **1. gr.** Ríkisstjórninni er heimilt að staðfesta fyrir Íslands hönd samþykkt frá 6. mars 1948, um alþjóðasiglingamálastofnun (IMCO), með þeim fyrirvara, að Ísland muni taka staðfestingu sína til athugunar á ný, ef síðar yrði ákvæðið, að

siglingamálastofnunin (IMCO) skyldi einnig fjalla um mál, sem eru algerlega fjármálalegs eða viðskiptalegs eðlis.

□ Samtímis sé því lýst yfir, að af Íslands hálfu sé áhersla lögð á raunhæft gildi 59. gr. samþykktarinnar, varðandi uppsögn á þátttöku.

□ Samþykkt þessi er prentuð á íslensku og ensku sem fylgiskjal með lögum þessum.¹⁾

¹⁾ Sjá *Stjóð. A 1960, bls. 186.*

■ **2. gr.** Þegar samþykkt sú, er um ræðir í 1. gr., hefur verið staðfest, skulu ákvæði hennar hafa lagagildi hér á landi.